

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 21. nóvember 2019, nýtt deiliskipulag að Hjarðarbóli í Ölfusi. Deiliskipulagssvæðið er um 4 ha að stærð og tekur til 7 nýrra lóða fyrir íbúðarhús. Nýtingarhlutfall er skv. aðalskipulagi og eru lóðir að jafnaði 0,5 ha að meðtöldum sameiginlegum ræktunarreit. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 10. janúar 2020.*

**Sigmar B. Árnason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2020